

ÁRSSKÝRSLA

HEIMILIS OG SKÓLA
LANDSSAMTAKA FORELDRA

2017



Aðalfundur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra haldinn 23. maí 2018
í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla, Suðurlandsbraut 24, 105 Reykjavík

Útgefandi: Heimili og skóli – landssamtök foreldra
Suðurlandsbraut 24, 2. hæð
108 Reykjavík

Ritstjórn: Hrefna Sigurjónsdóttir

Texti: Hrefna Sigurjónsdóttir og Guðberg K. Jónsson

Umbrot og hönnun: Halla Björk Kristjánsdóttir

Forsíðumynd: Freepik

Myndir: Heimili og skóli og Jón Svavarsson

Ábyrgðarmaður: Anna M. Sigurðardóttir

Prentun: Svansprent



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra



EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
1. Stjórn og starfsmenn Heimilis og skóla	4
1.1. Stjórn	4
1.2. Stjórnarfundir	5
1.3. Starfsmenn	5
2. Starfsemi	5
2.1. Húsnæði	5
2.2. Félagsmenn	5
2.3. Samstarfssamningur	5
3. Helstu verkefni	6
3.1. Ráðgjöf og upplýsingar	6
3.2. Þjónusta við skólasamfélagið	7
3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök	7
3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla	8
3.5. Foreldradagurinn	10
3.6. Lestraráttak Ævars vísindamanns	10
3.7. SAFT	11
4. Útgefið efni, dreifing og vefsíða	13
4.1. Útgáfa	13
4.2. Heimasíða og facebook	14
5. Fundir, fræðsla og aðrir viðburðir	15
6. Samstarf innanlands	15
7. Norrænt samstarf	16
8. Lokaorð	17
Lög Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra	18

INNGANGUR

Tilgangur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu á öllum skólastigum. Samtökin eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórnmalaflokkum og trúfélögum. Einstaklingar eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna og mennta- og menningar- málaráðuneytis hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra á landsvísu.

Samtökin eru umsjónaraðili SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) sem er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og ungmenna á Íslandi. Frá árinu 1999 rak Evrópusambandið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallaðist *Safer Internet Action Plan*, þeirri áætlun lauk árið 2014. Verkefni voru færð yfir á nýja samgönguáætlun ESB sem gildir frá 2014–2020, undir formerkjunum *Better Internet*. Verkefnið er styrkt af ESB og íslenskum stjórnvöldum. SAFT er í samstarfi við önnur Evrópulönd í gegnum INSAFE netverkið og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu.

Heimili og skóli eiga í víðtæku samstarfi við ýmsa aðila um uppeldi, forvarnir, velferð og menntun. Helstu verkefni samtakanna felast í útgáfu, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, skóla og annarra sem vinna með börnum og ungmennum sem og að vera málsvari foreldra á opinberum vettvangi. Einnig er boðið upp á fræðslu fyrir nemendur um netöryggi.

Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið janúar til og með desember 2017 og fjallar um helstu þætti í starfsemi samtakanna.

1 | STJÓRN OG STARFSMENN HEIMILIS OG SKÓLA

1.1. STJÓRN

Kosið var til stjórnar á aðalfundi samtakanna sem haldinn var 3. maí 2017. Kjósa þurfti tvo nýja stjórnarmenn. Inga Dóra Ragnarsdóttir og Kristjana Þórey Guðmundsdóttir gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og voru þær kosnar einróma. Heimir Eggerz Jóhannsson lauk sinni stjórnarsetu á árinu og var Þorvar Hafsteinsson, formaður SAMKÓP, kosinn í hans stað á vorfundi fulltrúaráðs Heimilis og skóla, 10. mars 2017. Arnar Björnsson var kosinn til vara.

Anna Margrét Sigurðardóttir var kosin til að gegna formennsku árið 2016 til tveggja ára og var það hennar annað og jafnframt síðasta kjörtímabil.

Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður

| Neskaupstað, Fjarðabyggð

Jenný Ingudóttir, varaformaður | Reykjavík

Inga Dóra Ragnarsdóttir | Árborg

Kristjana Þórey Guðmundsdóttir | Hafnarfirði

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir | Garðabæ

Þorvar Hafsteinsson | SAMKÓP, Kópavogi

Þröstur Jónasson | Kópavogi

Kjörnir skoðunarmenn eru Hilmar Ingimundarson og Hlíf Böðvarsdóttir. Eðvarð Ingólfsson og Sverrir Jónsson eru til vara.

1.2. STJÓRNARFUNDIR

Haldnir voru sex stjórnarfundir á starfsárinu.

1.3. STARFSMENN

Starfsmenn samtakanna árið 2017 voru:

Hrefna Sigurjónsdóttir,

framkvæmdastjóri

Guðberg K. Jónsson,

verkefnastjóri SAFT

Bryndís Jónsdóttir,

verkefnastjóri

Ingibjörg Jónsdóttir,

verkefnastjóri

Bryndís Jónsdóttir hóf starfsþjálfun í desember 2016 en hún var t.a.b.m. ráðin til að leysa af Sólveigu Karlsdóttur, verkefna-



**BRYNDÍS
JÓNSDÓTTIR**
verkefnastjóri



**GUÐBERG K.
JÓNSSON**
verkefnastjóri SAFT



**HREFNA
SIGURJÓNSDÓTTIR**
framkvæmdastjóri



**INGIBJÖRG
JÓNSDÓTTIR**
verkefnastjóri

stjóra, í fyrirhuguðu fæðingarorlofi í febrúar árið 2017. Einnig var ljóst að að Björn Rúnar Egilsson, verkefnastjóri, myndi láta af störfum í janúar 2017. Ingibjörg Jónsdóttir kom til starfa 1. maí en lét af störfum í lok janúar 2018. Sólveig Karlsdóttir kom ekki til starfa aftur eftir fæðingarorlof þar sem hún ákvað að færa sig um set og taka við

nýju starfi. Sem stendur eru því einungis þrír starfsmenn hjá Heimili og skóla

Starfsmenn hafa víðtæka reynslu og menntun í sálfræði, aðferðafræði, mannauðsstjórnun, alþjóðasamskiptum og uppeldis- og kennslufræði.

| 2 | STARFSEMI

2.1 HÚSNÆÐI

Samtökin reka þjónustumiðstöð á Suðurlandsbraut 24, 2. hæð og leigja húsnæðið af Reitum, fasteignafélagi. Þangað geta foreldrar og aðrir sótt ýmsa þjónustu, svo sem ráðgjöf, fræðslu, efni og upplýsingar. Þar er einnig fundaraðstaða. Reitir hafa stutt samtökin með hagstæðri leigu í gegnum árin og þakka Heimili og skóli stuðninginn.

2.2 FÉLAGSMENN

Félagsmenn í samtökunum eru einkum foreldrar og forráðamenn barna á skólaaldri sem og foreldrafélög, leik-, grunn- og framhaldsskólar. Skráðir félagsmenn voru 2384 talsins við árslok 2017, þar af um 2290 einstaklingar. Nýskráningar á árinu 2017 voru um 230.

2.3 SAMSTARFSSAMNINGUR

Samstarfssamningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti var síðast undirritaður 21. mars 2013 og gildi hann frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016. Samningurinn fól í sér fjárframlag, 12 milljónir króna

á ári, til að sinna fjölþættri þjónustu við foreldra skólabarna á öllu landinu. Sú upphæð hafði þá staðið óbreytt síðustu ár. Samningaviðræður við mennta- og menningarmálaráðuneyti hafa staðið yfir í rúm tvö ár og eru enn í gangi þegar þetta er ritað. Árið 2017 voru gerðir viðaukasamningar bæði vegna þjónustusamnings milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Heimilis og skóla annars vegar og vegna samnings þriggja ráðuneyta og Heimilis og skóla um SAFT verkefnið hins vegar. Í viðauka 1 við þjónustusamninginn var samið um árlegt framlag að upphæð 12 milljónir króna sem greiða átti í tvennu lagi. Í viðauka 2 var síðan ákveðið að heildarframlag til landssamtakanna yrði 20 milljónir króna. Þá höfðu 6 milljónir króna verið greiddar fyrri hluta ársins 2017 og voru síðan 14 milljónir greiddar í tvennu lagi á sex mánaða framlengingartíma samningsins sem var frá 1. júlí til 31. desember 2017. Tímabært var að hækka árlegt framlag til samræmis við aukinn kostnað og verkefni og var það mikilvægur áfangi sem náðist með viðaukasamningum. Nú standa væntingar til að lokið verði við undirritun nýs þjónustusamnings við fyrsta tækifæri.

| 3 | HELSTU VERKEFNI

3.1. RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR

Mikið er leitað til þjónustumiðstöðvar Heimilis og skóla eftir ráðgjöf og upplýsingum. Einnig er óskað eftir fræðslu og fyrirlestrum og hafa Heimili og skóli ferðast vítt og breitt um landið á árinu með fræðslu fyrir börn, foreldra og starfsmenn skóla.

Haldið er utan um ráðgjöf Heimilis og skóla með ráðgjafarforriti frá Lausn hugbúnaði. Þar eru einkum skráð símtöl en einnig önnur ráðgjöf með tölvupósti og Facebook, eftir fremsta megni. Einnig heimsækir fólk þjónustumiðstöð Heimilis og skóla til að fá ráðgjöf og efni.

Þegar athugað er vegna hvers er helst hringt þá er helst hringt vegna nemanda (33%) en símtöl vegna mála sem falla undir annað eru nánast jafnmörg (32%). Er það í raun lýsandi fyrir hversu flókið getur verið að flokka ráðgjöfina þar sem málin eru oft margþætt og geta fallið undir nokkra flokka. Þar á eftir er haft samband vegna námsefnis (10%) og stjórnar skóla (10%). Því næst er haft samband vegna aðbúnaðar/öryggis (9%). Um 6% símtala voru óskilgreind. Skoða má mynd 1 til að glöggva sig betur á skiptingunni.

Yfirleitt eru það foreldrar sem leita ráðgjafar (45%). Því næst koma foreldrafélög/skóla- og foreldraráð (14%), kennarar (9%), skólastjórnendur (7%), aðrir (6%), aðstandendur (4%) og stjórnarsýsla (1%). Í 3% tilvika er ekki vitað hver hefur samband og í 11% tilvika hefur það ekki verið skilgreint. Sjá mynd 2.



Einhver breytileiki er á viðfangsefnum ráðgjafar milli ára en þó eru foreldrar ávallt meirihluti þeirra sem leita ráðgjafar og yfirleitt er hringt vegna nemanda. Fjölmiðlar leita iðulega til samtakanna en þau samskipti eru ekki skráð sérstaklega enda tíð. Stundum skarast flokkarnir.

Mál nemenda eru flokkuð eftir hvort þau tengjast námi og/eða andlegri líðan. Oft skarast flokkunin þar sem sama mál getur fallið undir nokkra flokka.

Þegar kemur að námi eru um 23% ráðgjafarinnar tengd skólastjórn, 12% tengjast kennslu, 12% kennara, 12% námsmati, 12% aðbúnaði, 6% náms-efni og 6% lögum og reglugerðum. Skiptingin er því nokkuð jöfn en áherslur breytilegar milli ára.


Þegar um er að ræða andlega líðan nemenda eru um 43% ráðgjafarinnar vegna eineltis og er það umtalsverð hækkun frá árinu áður en þá voru um 25% ráðgjafar sem tengdust andlegri líðan vegna eineltis. Um 22% eru vegna hegðunar, 13% vegna kvíða, 9% vegna félagslegrar einangrunar og 9% tengjast nemendavernd. Um 4% eru ekki skilgreind frekar.

Langoftast er hringt vegna grunnskólastigsins (86,5%) en þar á eftir kemur leikskólinn (7,7%) og í 5,8% tilvika er haft samband vegna framhalds-skólastigsins. Í raun kemur ekki á óvart að grunnskólinn sé fyrirferðarmestur þar sem um er að ræða



MYND 3

RÁÐGJÖF TENGD NETÖRYGGI



lengsta skólastigið og skólaskyldu. Einnig hafa samtökin þjónustað það skólastig frá upphafi.

Þegar foreldrasamtök hafa samband er oftast leitað eftir fræðslu og fyrirlestrum. Því næst er óskað eftir ráðgjöf um starfið og skipulag þess og spurt um réttindi og skyldur og loks aðkomu að stjórnarsýslu.

Umtalsverður hluti ráðgjafarinnar er tengdur netöryggi og fellur þá undir SAFT netöryggisverkefnið. Þar má helst nefna netöryggi/siðferði (20%), ráðgjöf (20%), lög og reglur (30%), og námsefni (30%). Færst hefur í vöxt að fólk leiti ráða vegna laga og reglna og námsefnis – sjá mynd 3.

SAFT hjálparlínan er hluti af hjálparlínu Rauða krossins, 1717. Ráðgjöfin sem hjálparlína Rauða krossins sinnir skiptist á eftirfarandi hátt: sálræn vandamál (53,9%), félagsleg vandamál (10,8%), heilbrigðisvandamál (5,06%), neysla og fíkn (4,12%), ofbeldi (4,42%), spilavandi (0,28%), kynferðismál (2,29%) og ýmislegt (19,08%).

3.2. ÞJÓNUSTA VIÐ SKÓLASAMFÉLAGIÐ

Samstarf heimila og skóla krefst stöðugs og gagnkvæms upplýsingastreymis þar sem um er að ræða samstarf um börn og unglunga. Samtökin bjóða upp á fræðslu, fyrirlestra og námsefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Boðið er upp á fræðslu um: foreldrastarf, bekkjarstarf, leiðir foreldra til áhrifa, Foreldrasáttmálann, Læsissáttmálann, einelti og námskeið fyrir bekkjarfulltrúa. Einnig eru haldin SAFT námskeið um örugga og bættu netnotkun barna

og unglunga fyrir börn og foreldra. Auk þessa sníðum við fræðsluna að þeim þörfum sem uppi eru hverju sinni. Öll fræðslan er í eðli sínu forvarnafræðsla.

Heimili og skóli vinna að því að efla og styrkja foreldra til þátttöku í foreldrasamstarfi og efla svæðasamtök um land allt í gegnum fulltrúaráðið. Markmið þessa grasrótastarfs er að styðja við starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga, koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum þannig breiðan samstarfsvettvang.

Árlega er uppfærður hjá samtökunum netfangalisti yfir skóla- og foreldrasamfélagið þar sem finna má meðal annars fulltrúa í foreldraráðum, skólaráðum og foreldrafélögum í skólum landsins. Einnig er listi yfir samstarfsaðila.

3.3. FULLTRÚARÁÐ OG SVÆÐASAMTÖK

Svæðasamtök foreldra starfa víða um land. Þau eru samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga sem yfirleitt eiga fulltrúa í stjórnarsýslunni eða fræðsluráðum/skólanefndum í hverju sveitarfélagi. Þar geta foreldrar komið sjónarmiðum sínum á framfæri við yfirvöld og haft áhrif á skólastarf. Mikilvægt er að foreldrar hafi þennan vettvang til að vekja athygli á því sem betur má fara og bætt getur líðan barna og námsárangur en einnig til að styrkja gott starf í samfélaginu.

Fulltrúaráð Heimilis og skóla er skipað fulltrúum frá svæðasamtökum foreldra af öllu landinu. Svæðasamtök foreldra sem eru aðilar að samtökunum tilnefna fulltrúa til setu í fulltrúaráði samtakanna.

Fyrri fulltrúaráðsfundur ársins var haldinn 10. mars 2017 í Hraunvallaskóla í Hafnarfirði. Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður Heimilis og skóla, bauð gesti velkomna og í kjölfarið kynnti Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, niðurstöður nýútkominnar skýrslu Evrópumíðstöðvar um skóla án aðgreiningar á Íslandi. Því næst var boðið upp á skoðunarferð um skólann og kynningu á starfi hans. Lars Jóhann Imsland, skólastjóri Hraunvallaskóla, tók á móti hópnum og leiddi hann um skólann. Hann stóð einnig fyrir svörum sem og nokkrir starfsmenn skólans sem hópurinn hittir á leiðinni. Því næst var boðið upp á fræðsluerindi. Þórdís H. Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi og verkefnastjóri verkefnisins Bættur námsárangur: Lestur er lífsins leikur sagði frá hvernig unnið væri að því að bæta læsi, lestrarkunnáttu og námsárangur í Hafnar-

firði með hugmyndafræði lærdómssamfélagsins að leiðarljósi. Bryndís Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla, kynnti nýlegar breytingar á reglugerð sem heimilaði framhaldsskólum að taka mið af einkunum á samræmdum prófum við inntöku í skólana. Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður Heimilis og skóla, stýrði umræðum í kjölfarið. Fulltrúaráðið komst að þeirri niðurstöðu að senda áskorun til Menntamálastofnunar í nafni fulltrúaráðsins þar sem skorað væri á yfirvöld menntamála að afnema heimild til að nota einkunnir úr samræmdum prófum við inntöku í framhaldsskóla. Þessi breyting stríði gegn yfirlýstum markmiðum samræmdra prófa sem eru fyrst og fremst að skoða stöðu einstaklingsins á tilteknum tímapunkti með það fyrir augum að hann geti bætt námsárangur sinn og einnig að veita upplýsingar um hvernig einstakir skólar og skólakerfið í heild stendur í þeim námsgreinum og námsþáttum sem prófað er úr. Einnig eigi framhaldsskólar, í samræmi við fullyrðingar þar um, að vera þess færir að meta nemendur út frá hæfnimiðuðum lokeinkunum þeirra úr grunnskóla. Afrit af áskoruninni var sent fjölmiðlum. Að lokum var kosinn nýr fulltrúi í stjórn Heimilis og skóla. Þorvar Hafsteinsson, þá varaformaður SAMKÓP og formaður foreldrafélags Vatnsendaskóla, var kosinn í stjórn Heimilis og skóla fyrir hönd fulltrúaráðs og Arnar Björnsson, þá formaður SAMKÓP og varaformaður foreldrafélags Hörðuvallaskóla, var kosinn varaformaður. Fráfarandi fulltrúa í stjórn, Heimi Eggerz Jóhannssyni fyrrverandi formanni SAMTAKA á Akureyri, voru þökkud góð störf.



Frá vofundi fulltrúaráðs í Hraunvallaskóla í Hafnarfirði.

Seinni fulltrúaráðsfundurinn var haldinn 3. nóvember 2017 í Mosfellsbæ í samhengi við ráðstefnu Heimilis og skóla og Samtaka áhugafólks um skólaþróun um samskipti heimila og skóla. Fundurinn var haldinn í sal Starfsmannafélags Mosfellsbæjar í Þverholti 3 í Mosfellsbæ. Dagskráin hófst á því að formaður Heimilis og skóla opnaði fundinn. Því næst var Ingibjörg Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla, með kynningu á fræðslu um fyrstu skrefin í netnotkun ungra barna en sú fræðsla er hugsuð fyrir foreldra leikskólubarna og yngstu nemendur grunnskóla. Því næst var Bryndís Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla, með kynningu á fræðslumyndböndum fyrir nemendafélög, foreldrafélög og skólaráð grunnskóla sem unnin voru af SAMFOK, Heimili og skóla og Umboðsmanni barna með stuðningi Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einnig var kynnt ný handbók fyrir skólaráð. Að því loknu var boðið upp á umræður og því næst var heimsókn í Framhaldsskólann í Mosfellsbæ þar sem Guðrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari, tók á móti hópnum. Að lokum var boðið upp á hádegisverð og óformlegt spjall í fundarsalnum og því næst bauðst gestum að taka þátt í fyrrnefndri ráðstefnu sem fram fór í Hlégarði í Mosfellsbæ undir heitinu Sáttmáli um samstarf.

3.4. FORELDRAVERÐLAUN HEIMILIS OG SKÓLA

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent í 22. sinn við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu, 2. maí 2017. Aðalmarkmiðið með verðlauninum er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins og stuðlar að samvinnu heimila, skóla og nærsamfélagsins.

Mennta- og menningarmálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, forfallaðist á síðustu stundu og því ávarpaði ráðuneytisstjóri, Ásta Magnúsdóttir, samkomuna í hans stað. Hún afhenti að því loknu verðlaunin ásamt Sigrúnu Eddu Eðvarðsdóttur, formanni dómnefndar og Önnu Margréti Sigurðardóttir, formanni stjórnar Heimilis og skóla. Nemendur frá Allegro Suzuki tónlistarskólanum fluttu tónlist við upphaf og lok viðburðarins.

Skíðaskóli Pelamerkurskóla hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2017. Skólinn býður öllum nemendum í 1.-4. bekk upp á skíðakennslu í tengslum við útivistardag skólans sem haldinn er í Hlíðarfjalli á Akureyri og er í 15 mínútna fjarlægð frá skólanum. Verkefninu var ýtt úr vör fyrir um þremur árum og undirstrikar mikilvægi góðrar samvinnu milli skóla og foreldra en verkefnið hefur það að markmiði að



Mynd: MOTIV/Jón Svavarsson

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2017.

gera útivistardag skólans að degi þar sem allir geta rennt sér með bros á vör og gleði í hjarta eins og segir í tilnefningu. Það var mat dómnefndar að verkefnið gæfi nemendum gott tækifæri til að kynnst bæði skíðaþróttinni sem slíkri og nýta sér það sem nær-samfélagið hefur upp á að bjóða til útivistar. Auk þess veitir verkefnið öllum nemendum tækifæri til að öðlast aukna færni og öryggi í íþróttinni.

Dugnaðarförkur Heimilis og skóla árið 2017 var Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir. Í umsögn dómnefndar sagði að Ásta Laufey væri góð fyrirmynd sem með þátttöku sinni í foreldrastarfi í gegnum árin sem almennt foreldri, bekkjarfulltrúi og formaður foreldrafélags hafi snemma áttað sig á mikilvægi góðs foreldrasamstarfs bæði í leik- og grunnskóla og hverju það getur áorkað. Í tilnefningu sagði að hún byggji yfir frumkvæði, væri drífandi og myndi hvetja foreldra til þátttöku með gleði, uppátækjum og umhyggju. Ásta hefur auk foreldrastarfs í skólum barna sinna sinnt foreldrastarfi í tómstundum þeirra, íþróttafélagi og tónlistarskóla.

Veitt voru tvenn Hvatningarverðlaun. Samstarf foreldrafélaga í Breiðholti hefur verið starfrækt frá árinu 2015 og hefur sýnt hverju öflugt samstarf milli foreldrafélaga á ákveðnu svæði getur áorkað og hefur slíkt samstarf mikið forvarnagildi. Í tilnefningu sagði m.a.: „Í eins stóru hverfi og Breiðholtið er

skiptir miklu máli að foreldrar vinni saman og hefur þessi samvinna foreldrafélaganna ótvíræð jákvæð áhrif á samfélagið.“ Hitt verkefnið sem hlaut Hvatningarverðlaun var Fróðir foreldrar sem er samstarf ýmissa hagsmunaaðila um foreldrafraeðslu og var því ýtt úr vör árið 2016. Verkefnið er gott



Mynd: MOTIV/Jón Svavarsson

Tónlistaratriði fluttu Margrét Lára Jónsdóttir á fiðlu og Ásta Dóra Finnsdóttir á píanó en þær eru nemendur úr Allegro Suzuki tónlistarskóla.

dæmi um fyrirmyndarsamstarf sem farið hefur af stað með miklum krafti og komið er inn á viðfangsefni er snúa að því sem hæst ber hverju sinni. Um er að ræða foreldrafræðslu sem byggð er á óskum og hugmyndum ungmenna og foreldra í hverfum Miðborgar, Hlíða og Vesturbæjar og hefur fræðslan verið afar vel sótt. Henni hefur jafnframt verið streymt á netinu. Samstarfshópur foreldra, ungmenna, frístundamiðstöðva, þjónustumiðstöðvar og íþróttafélaga í Miðborg, Hlíðum og Vesturbæ stendur að verkefninu.

Í dómnefnd árið 2017 sátu:

- Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður dómnefndar, Heimili og skóli
- Aðalheiður Steingrimsdóttir, Kennarasamband Íslands
- Guðni R. Björnsson, Foreldrahús - Vímulaus æska
- Ragnheiður Bóasdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Stefánía Sörheller, Reykjavíkurborg
- Sveinbjörn Kristjánsson, Embætti landlæknis
- Þóroddur Helgason, fræðslustjóri í Fjarðabyggð

Við þökkum dómnefnd vel unnin störf.

Sú hefð hefur skapast að heimsækja handhafa Foreldraverðlauna með mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúum úr ráðuneytinu. Móðurmál - samtök um tvítýngi hlutu Foreldraverðlaunin árið



Handhafar Foreldraverðlauna Heimilis og skóla 2016 ásamt Önnu M. Sigurðardóttir, formanni Heimilis og skóla og Kristjáni Þ. Júlíussyni, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra.

2016 fyrir móðurmálaskennslu og heimsóttu formaður og framkvæmdastjóri Heimilis og skóla ásamt Kristjáni Þór Júlíussyni, mennta- og menningarmálaráðherra, og sérfræðingum ráðuneytisins samtökin. Við fengum kynningu á starfsemi samtakanna og áttum gott spjall um menntun og tungumál.

3.5. FORELDRADAGURINN

Foreldradagurinn var haldinn 10. nóvember 2017 í sjöunda sinn í samstarfi við Erindi - samtök um samskipti og skólamál og Félag grunnskólakennara. Boðið var upp á ráðstefnu í tengslum við Dag gegn einelti undir yfirskriftinni: Saman í liði - Samvinna foreldra og fagfólks. Ráðstefnan var haldin í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar. Viðfangsefnin voru samskipti heimila og skóla, einelti og forvarnir. Ný handbók Heimilis og skóla um einelti og vináttufærni sem unnin var í samstarfi við Vöndu Sigurgeirsdóttur var kynnt við þetta tilefni og fyrstu eintökunum dreift.

Dagskráin var eftirfarandi:

- Húsið opnar - léttar veitingar
- Reynsla kennara af samskiptum milli heimila og skóla - Ragna Gunnarsdóttir, grunnskólakennari
- Foreldrar gegn einelti - Bryndís Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla
- Forvarnir eru flottastar. Hvernig má fyrirbyggja að einelti komi upp í starfi með börnum og unglíngum? - Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor í tómsunda- og félagsmálafræði og eigandi og þjálfari hjá KVAN
- Handbók um einelti og vináttufærni - Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla
- Umræður og ráðstefnulok

Fundarstjóri var Kolbrún G. Þorsteinsdóttir og var fundinum streymt á Facebook.

3.6. LESTRARÁTAK ÆVARS VÍSINDAMANNS

Lestrarátak Ævars vísindamanns fór fram frá 1. janúar til 1. mars 2017. Átakið er hugarfóstur Ævars Þórs Benediktssonar, leikara og rithöfundar. Átakinu er ætlað að kveikja áhuga barna í 1. til 7. bekk í grunnskólum landsins á lestri og dregin eru út fimm nöfn úr innsendum miðum. Vinningshafar hlutu verðlaun þar sem þeir voru gerðir að persónum í æsispennandi geimverubók eftir Ævar vísindamann, *Gestir utan úr geimnum*. Eftir talningu á innsendum lestrarmiðum kom í ljós að yfir 63.000 bækur voru lesnar í átakinu. Heimili og skóli voru auk annarra í



Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannsson, dró út vinningshafa í Lestraráttaki Ævars vísindamanns en um 63 þúsund bækur voru lesnar í átakinu þetta sinn.

samstarfi við Ævar og tóku við útfylltum lestrar- miðum, líkt og síðastliðin ár, aðstoðuðu við talningu og útdrátt og sendu upplýsingar um átakið á netverk samtakanna.

3.7. SAFT

Aðgerðaáætlun um örugga netnotkun

Frá árinu 1999 rak Evrópusambandið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallaðist *Safer Internet Action Plan*, þeirri áætlun lauk árið 2014. Verkefni voru færð yfir á nýja samgönguáætlun ESB (CEF – Connecting Europe Facility) sem gildir frá 2014-2020, undir formerkjunum Better Internet. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglunga, m.a. með því að berjast gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.

Áætluninni er skipt í fjórar megináðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Aðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu
- Hvatningu til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í 31 Evrópulandi. Verkefni eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast INSAFE (www.saferinternet.org og www.betterinternetforkids.eu)

og er samhæft af evrópska skólanetinu European Schoolnet (www.eun.org).

SAFT verkefnið á Íslandi

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Verkefnið, sem er styrkt af aðgerða-áætlun ESB um örugga netnotkun og þremur ráðuneytum (mennta- og menningarmálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti) hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT.

Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglunga, foreldra, kennara, upplýsinga- tækniiðnaðar, fjölmiðla og stjórnvalda. Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt. Einnig hafa skólustarfsmenn fengið fræðslu frá SAFT.

Sérstök verkefnisstjórn átaksins er skipuð fulltrúum frá: ráðuneytum mennta- og menningarmála, dómsmála og velferðar, Háskóla Íslands, Barnaheill, Fjölmiðlanefnd, Póst- og fjarskiptastofnun, Ríkislögreglustjóra, Rauða krossi Íslands, Persónuvernd auk verkefnisstjóra SAFT. Í baklandi verkefnisins sitja fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, meðal annars frá: stjórnvöldum, úr viðskiptalífnum, frá rannsóknaraðilum og menntunar- og forvarnaraðilum. Guðberg K. Jónsson stýrir verkefninu á Íslandi ásamt

því að sitja í verkefnastjórn INSAFE og ýmsum nefndum og ráðum á vegum ESB.

Framkvæmd verkefnis

Árið 2017 stóð SAFT fyrir ýmsum viðburðum, gaf út fræðslufni fyrir börn og fullorðna og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar.

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur í fjórtánda sinn 7. febrúar 2017. Þemað var „Sameinumst um að gera netið betra!“ og yfir 120 þjóðir stóðu fyrir skipulagðri dagskrá þennan dag. Í tilefni dagsins efndi SAFT til málþings fyrir aðila skólasamfélagsins um stafræna borgaravitund og setti forseti Íslands málþingið. Einnig var eftirfarandi efni dreift til allra grunnskóla landsins:

- Veggspjaldi með heilræðum er varða myndbirtingar á netinu
- Kennsluáætlun: bekkjarverkefni um samfélagsmiðla
- Leiðbeiningum og verkefnabanka er varðar uppsetningu þemadaga um netöryggi

Ungmennaráð SAFT

Ungmennaráð SAFT hefur starfað frá árinu 2009 og samanstendur af ungmennum á aldrinum 12 til 18 ára sem koma víðs vegar af landinu. Ráðið kemur að hugmyndavinnu SAFT um hvernig kenna megi ánægjulega og örugga netnotkun í skólum landsins, vinnur að hönnun kennslufnis, er ráðgefandi um framkvæmd herferða og gefur álit sitt á fræðslufni sem samtökin gefa út, auk þess sem meðlimir ráðsins



Forseti Íslands setti málþing sem haldið var í tilefni af Alþjóðlega netöryggisdeginum.

taka þátt í ýmsum viðburðum og málþingum er varða netið og standa fyrir jafningjafræðslu í heimahéraði.

Fræðsluerindi

Fjöldmörg fræðsluerindi voru haldin á árinu um land allt fyrir nemendur, kennara, foreldra og starfsfólk heilsugæslu og þjónustumiðstöðva. Boðið var upp á erindi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Yfir skólamánuðina halda SAFT fyrirlesarar að jafnaði tvö til þrjú erindi á viku. SAFT fræðsla í 6. bekkjum grunnskóla hélt áfram.

Vefsíður

Heimasíða verkefnisins er <http://saft.is>. SAFT er líka með Facebook og Twitter síður og youtube rás.

Ábendingahnappur

Haldið var áfram að kynna nýjan og endurbættan ábendingahnapp um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu. Ábendingahnappurinn er starfræktur í samstarfi SAFT, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og embættis Ríkislögreglustjóra. Á vormánuðum 2012 var samið við Fréttablaðið um birtingar á heilræðum SAFT til foreldra í óseldum auglýsingadálkum. Netheilræðin 10 voru útfærð í mismunandi stærðum og hafa birst minnst eitt á dag síðan í júní 2012 og eru enn í birtingu ásamt áminningu um ábendingahnappinn.

Andrés Önd

Í byrjun skólaárs dreifði SAFT á alla grunnskólarnemendur í 4. og 5. bekk Andrésar Andar blaði um samskipti á netinu, en þar er m.a. farið yfir öryggisógnir, samfélagsmiðla og neteinelti svo dæmi séu tekin. Efnið var samið í samstarfi við útgefendur Andrésar Andar á Norðurlöndum og hefur blaðið verið gefið út á norrænum tungumálum.

Ekkert hatur – bæklingur um hatursglæpi

Í samstarfi við Lögregluna á höfuðborgasvæðinu og Reykjavíkurborg var útbúinn bæklingur um lög og reglur er varða hatursglæpi, þ.m.t. á netinu.

Myndbirtingar

Í samstarfi við spjalddölvuverkefni grunnskóla í Kópavogi var útbúið veggspjald með heilræðum um myndbirtingar á netinu. Veggspjaldinu var dreift á alla grunnskóla landsins.

Netið mitt og netið okkar

Í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og fleiri aðila var boðið upp á tvö opin netnámskeið um stafræna borgaravitund, eitt á vorönn og

annað á haustönn. Meginmarkhópur námskeiðsins var kennarar, en námskeiðið var öllum opið endurgjaldslaust.

Samskipti á netinu

Í samstarfi við bókaútgáfuna Rósakot var gefin út bókin *Samskipti á netinu* þar sem tekin eru fyrir ýmis atriði sem auka öryggi ungs fólks þegar það vafrar um netið og einnig hvernig hægt er að þekkja og takast á við fólk sem hagar sér á óviðeigandi hátt. Auðvitað eru líka tekin dæmi um margt af því jákvæða sem netið býður upp á en bókin er sett upp á skemmtilegan og aðgengilegan hátt. Bókin er þýdd og staðfærð en höfundur er Louie Stowell. Nína Ólafsdóttir þýddi en starfsfólk Heimilis og skóla og aðilar úr baklandi SAFT lásu yfir og veittu ráðgjöf varðandi þýðingar og efnistöð þegar bókin var staðfærð og tóku þátt í að koma henni á framfæri.

Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð

SAFT leiðir verkefni um hatursorðræðu á netinu fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, SAMFÉS, Landssamband æskulýðsfélaga og Æskulýðsvettvanginn. Verkefnið stuðlar að jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Markmiðin eru m.a. að stuðla að vitundarvakningu um hatursáróður og hatursorðræðu á netinu meðal ungs fólks, kynna þau fyrir mikilvægi miðlalæsis og styðja þau í að verja mannréttindi á netinu. Ýmsir viðburðir voru haldnir á árinu til þess að vekja athygli á verkefninu.

Núverandi samningur

Nýr samningur við Evrópusambandið (ESB) vegna SAFT verkefnisins var undirritaður 2016 og gildir hann til desember 2018. Samningurinn snýr að rekstri



Fulltrúar ungmennaráðsins sátu námskeið um hvernig hægt er að bregðast við hatursorðræðu í Stavanger.

SAFT verkefnisins á Íslandi sem hluta netöryggis-áætlunar ESB. Heimili og skóli – landssamtök foreldra, Rauði kross Íslands, Ríkislögreglustjóri og Barnaheill – Save the Children á Íslandi undirrituðu samninginn. Kannanir sýna fram á góðan árangur SAFT verkefnisins á Íslandi og aukna vitundarvakningu um netið. Öflugt starf er unnið á vegum SAFT er varðar forvarnir og fræðslu. Í þessum samningi sameinast þrjú verkefni: hjálparlína (helpline), ábendingalína (hotline) og vakningarátak (awareness) hjá SAFT. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur lagt sérstaka áherslu á þátttöku í vakningarátaksverkefnum og dómsmálaráðuneytið hefur lagt áherslu á verkefni tengd hjálparlínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun) og verkefni tengd ábendingalínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Ríkislögreglustjóra).

| 4 | ÚTGEFIÐ EFNI, DREIFING OG VEFSÍÐA

4.1. ÚTGÁFA

Foreldrasáttmáli, handbækur og bæklingar

Foreldrasáttmálinn er vinsælt og sniðugt verkfæri til að stuðla að umræðum foreldra og samtakamætti þeirra. Á heimasíðu samtakanna eru kynningarglærur fyrir Foreldrasáttmála sem auðvelda fulltrúum foreldra kynningu og fyrirlögn sáttmálans. Einnig hefur verið mikill áhugi á sáttmálanum erlendis frá í tengslum við íslenska forvarnarmódelið og stendur því til að þýða hann á ensku fyrir alla aldurshópa.

Við eigum enska þýðingu fyrir yngsta stigið. Samtökin hafa um árabíl dreift handbókum um foreldrasamstarf á rafrænu formi til foreldrafélaga og skóla á öllum skólastigum. Þá er eftirspurn eftir bæklingum um starfsemi foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða (Virkir foreldrar – betri leik-, grunn- og framhaldsskóli). Upplýsingar um eldra efni sem enn er í dreifingu má finna á <http://heimiliogskoli.is> og <http://saft.is>.



Læsisáttmáli

Fulltrúar Heimilis og skóla eru aðilar að þjóðarsáttmála um læsi fyrir hönd foreldra í landinu. Samtökin gerðu samning við mennta- og menningarmálaráðuneyti í janúar 2016 um að útbúa Læsisáttmála fyrir foreldra og innleiða hann í skóla landsins. Sáttmálanum svipar til Foreldrasáttmála Heimilis og skóla sem notið hefur mikilla vinsælda. Læsisáttmálinn inniheldur sex atriði um lestur og læsi sem rædd eru á fundi bekkjarforeldra með umsjónarkennara. Á fundinum er efni sáttmálans rætt og ítarefni dreift til foreldra þar sem farið er nánar í hvert atriði sáttmálans. Þegar umræður hafa farið fram og foreldrar borið saman bækur sínar um hvað þeim finnst mikilvægt í þessu samhengi er sáttmálinn undirritaður og hengdur upp, yfirleitt í skólstofu barnanna. Þannig eru umræðurnar rammaðar inn á táknrænan hátt og sýnilegar nemendum. Markmiðið er að sáttmálinn verði notaður reglulega um land allt sem liður í að efla læsi barna á Íslandi og einnig að hann stuðli að því að styrkja samstarf heimila og skóla. Auk sáttmála og ítarefnis voru útbúin bóka-merki, kvittanahefti og ísskápseglar sem tengjast verkefninu. Einnig voru útbúin lestrarbingó til að nýta í skólafríum og er þetta efni í stöðugri dreifingu.

Handbók um einelti og vináttufærni

Árið 2009 gáfu Heimili og skóli út bækling um einelti. Ýmislegt hefur breyst síðan þá og erum við sem samfélag reynslunni ríkari þegar kemur að forvörnum og inngripum í eineltismál. Fyrirnefndur bæklingur fjallar einkum um staðreyndir um einelti ásamt því að gefa ýmis góð ráð. Ný handbók var gefin út í nóvember 2017 og henni er ætlað að vera viðbót við fyrri útgáfu en ekki endurtekning. Megináherslan er á forvarnir, fróðleik og hagnýt ráð. Handbókin hentar foreldrum, fagfólki og börnunum sjálfum og

byggir á nýjustu rannsóknum og vitneskju. Höfundar eru Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir.

Tímarit

Tímarit Heimilis og skóla kom út í september 2017 og var megináherslan að þessu sinni á foreldrasamstarf. Tímaritinu var dreift til félagsmanna Heimilis og skóla, allra leik-, grunn- og framhaldsskóla landsins, greinarhöfunda og auglýsenda og á bókasöfn. Tímaritið var einnig sent til foreldra barna sem hófu skólagöngu haustið 2017 og þeim boðin félagsaðild.

Fjallað er um útgáfu er tengist SAFT verkefninu í SAFT kafla hér á undan.

4.2. HEIMASÍÐA OG FACEBOOK

Á heimasíðu samtakanna, <http://heimilogskoli.is>, er að finna upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni sem tengist foreldrasamstarfi. Heimili og skóli eru með virka fésbókarsíðu (Facebook) sem opnuð var haustið 2009, Youtube rás og Twitter aðgang. Samtökin hafa nú 4.227 fylgjendur sem kunna að meta fésbókarsíðuna, þ.e. hafa smellt á „like” hnappinn. Færðar eru inn fréttir og annað efni nánast daglega. Heimasíða og fésbókarsíða eru hugsaðar í samhengi þannig að þær styðji hvor við aðra. Þannig eru tíðari uppfærslur á fésbókinni en ýmsar upplýsingar og efni á heimasíðu.

SAFT er með eigin síðu, <http://saft.is> og aðgang að helstu samfélagsmiðlum s.s. Facebook (1.987 fylgjendur), Twitter og Youtube. Auk þessa sjáum við um vefsíðuna neteinelti.is og Facebook-síðurnar neteinelti.is (808 fylgjendur) og Ekkert hatuð - orðum fylgir ábyrgð (1.609 fylgjendur). Vefsíða SAFT verkefnisins var uppfærð á árinu.

| 5 | FUNDIR, FRÆÐSLA OG AÐRIR VIÐBURÐIR

Ýmiss konar ráðstefnur og fundir voru sótt af starfsfólki og stjórnarmeðlimum Heimilis og skóla árið 2017. Einnig komu fulltrúar Heimilis og skóla að undirbúningi funda, ráðstefna, námskeiða og héldu erindi. Samtökin eiga í viðtæku samstarfi við ýmsa aðila innanlands og utan og hefur áhugi á íslenska módelinu svokallaða vakið mikla athygli á starfi Heimilis og skóla erlendis frá. Íslenska módelið snýst um árangur Íslendinga í forvörnum og hvernig tókst að stórminnka unglíngadrykkju með sameiginlegu átaki stjórnvalda, háskólasamfélagsins og grasrótarinnar. Við höfum tekið á móti fjöldamörgum erlendum aðilum, ýmist fjölmiðlum eða erindrekum frá stjórnsýslu ýmissa landa, sem hafa haft áhuga á að kynna sér starfsemi Heimilis og skóla í þessu samhengi.

Undirrituð var samstarfsyfirlýsing 2. mars 2017 um eftirfylgni úttektar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Skóla- meistarafélag Íslands og Heimili og skóli lýstu yfir vilja til samstarfs við að fylgja eftir niðurstöðum úttektar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Til grundvallar samstarfi þessu liggja tillögur í skýrslu Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir (European Agency for Special Needs and Inclusive Education) sem unnin var í samræmi við verksamning mennta- og menningarmálaráðherra og míðstöðvarinnar. Heimili og skóli eiga fulltrúa í stýrihópi samstarfsaðila sem skipaður er til ársloka 2019.

| 6 | SAMSTARF INNANLANDS

Heimili og skóli – landssamtök foreldra voru í samstarfi við ýmsa aðila á starfsárinu, fulltrúar samtakanna áttu sæti í nefndum og vinnuhópum og komu að fjölbreyttum verkefnum. Sum eru í eðli sínu forvarnarkerfni en önnur lúta að hagsmunamálum foreldra og barna og samstarfi heimila og skóla.

- *Velferðarvaktin*, Jenný Ingudóttir og Þröstur Jónasson til vara.
- Náum áttum er fræðslu- og forvarnahópur sem skipuleggur mánaðarlega morgunverðarfundi um ýmis mál er varða forvarnir og velferð. Bryndís Jónsdóttir.
- *Vika 43* – Vímuvarnavikan. Hrefna Sigurjónsdóttir.
- *SAMAN-hópurinn* vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna og sendir jákvæð og uppbyggjandi skilaboð til foreldra. Hópurinn heldur samráðsfundi einu sinni í mánuði. Ingibjörg Jónsdóttir/Hrefna Sigurjónsdóttir.
- Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefninu *Göngum í skólann*. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Embætti landlæknis, Heimili og skóli,

Umferðarstofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþrótt- og ólympíusamband Íslands. Fulltrúi Heimilis og skóla er Bryndís Jónsdóttir.

- Heimili og skóli eiga aðild að *Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn*, sem stofnuð voru til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og/eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum. Hrefna Sigurjónsdóttir á sæti í félagsráði Radda.
- *Dagur leikskólans* er haldinn á hverju ári og viðurkenningin Orðsporið afhent við það tækifæri. Hrefna Sigurjónsdóttir á sæti í undirbúnings- og dómnefnd.
- *Samstarfsnefnd um verkefni Evrópuráðsins um hatusorðfæri á netinu (No Hate Speech Movement)*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Guðberg K. Jónsson.
- *Samráðsnefnd leik- og grunnskóla*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Anna M. Sigurðardóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir til vara.



- *RANNUM – rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun.* Guðberg K. Jónsson.
- *Gegn einelti – verkefnisstjórn eineltisteymis.* Ráðuneyti mennta- og menningarmála, dómsmála og fjármála. Guðberg K. Jónsson er þar ráðgefandi fyrir SAFT verkefnið.
- *Dómnefnd í smásagnasamkeppni KÍ og Heimilis og skóla.* Bryndís Jónsdóttir.
- *Fag- og stýrihópur heilsueflandi grunnskóla, Embætti landlæknis.* Bryndís Jónsdóttir.
- *Starfshópur um stefnu menntunar án aðgreiningar – Menntun fyrir alla.* Ólafur Páll Jónsson.
- *Net- og upplýsingaöryggi, stefnumótun, dómsmálaráðuneyti.* Guðberg K. Jónsson.
- *Starfshópur sem vinnur að því að kortleggja úrræði lögreglu vegna dreifingar kláms á netinu og gera tillögur að breytingum, einkum m.t.t. þess að börn hafi ekki aðgang að grófu efni, dómsmálaráðuneyti.* Guðberg K. Jónsson.
- *Ráðgjafanefnd Menntamálastofnunar.* Sigrún Edda Eðvarðsdóttir.
- *Innleiðing rafrænna prófa,* Menntamálastofnun. Þröstur Jónasson.
- Heimili og skóli eiga víðtækt samstarf við þriðja geirann og eru hluti af *Almannaheill – samtökum þriðja geirans.* Ketill B. Magnússon er formaður stjórnar Almannaheilla fyrir hönd Heimilis og skóla.
- Stjórn og starfsfólk Heimilis og skóla veita umsagnir til Alþingis vegna þingsályktana og/eða frumvarpa til laga þegar við á.
- Fjölmíðlar leita gjarnan til samtakanna og standa þá yfirleitt framkvæmdastjóri og formaður/ varaformaður Heimilis og skóla fyrir svörum. Starfsmenn samtakanna skrifa einnig greinar og annað efni í fjölmiðla og veita upplýsingar.

| 7 | NORRÆNT SAMSTARF

Heimili og skóli eru í norrænu samstarfi NOKO, Nordisk Komitté, með foreldrasamtökum í Danmörku, Færeyjum, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Heimili og skóli urðu aftur fullgildir meðlimir í samtökunum á árinu og greiða nú fullt meðlimagjald og njóta þeirra réttinda sem því fylgja. Markmiðið með samstarfinu er að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni auk þess sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir.



Frá NOKO-fundi í höfuðstöðvum Skole og Forældre í Kaupmannahöfn í mars 2017.

Formaður og framkvæmdastjóri Heimilis og skóla sóttu fund NOKO í Kaupmannahöfn 23.-24. mars 2017 og var þema fundarins vinna gegn einelti en einnig var rætt um málefni NOKO. Helle Rabøl Hansen, lektor við háskólann í Árósum (DPU - Aarhus Universitet), var með fyrirlestur um einelti og umræður. Því næst kynntu fulltrúar hvers lands fyrir sig hvernig unnið er gegn einelti í skólum í þeirra heimalandi. Einnig var boðið upp á skólaheimsókn í Sophienborgskolen í Hillerød. Varaformaður Heimilis og skóla sótti NOKO fund sem haldinn var í Helsingfors í Finnlandi 30.-31. október 2017. Þar kynnti formaður Heim og skóli í Færeyjum þeirra starfsemi. Einnig var boðið upp á kynningu frá finnskumælandi foreldrasamtökunum í Finnlandi, Finlands Föräldraförbund, en þau eru ekki aðilar að NOKO. Hins vegar eru finnsku foreldrasamtök sænskumælandi foreldra í Finnlandi, Hem och Skola, meðlimir í NOKO og framkvæmdastjóri þeirra kynnti nýja aðalnámskrá Finna og hvernig samtökin hafa kynnt foreldrum hana. Boðið var upp á skólaheimsókn í Hoplaxskolan í Helsingfors.

Formaður Forældreutvalget (FUG), Gunn Iren Müller, gegnir formennsku en mun láta af formennsku á næstu NOKO ráðstefnu sem haldin verður á Gardermoen í Noregi 14.-15. september 2018. Þá munu Heimili og skóli taka við formennsku NOKO til næstu tveggja ára og verður ráðstefnan því næst haldin á Íslandi árið 2020. Finnar fara áfram með verkstjórn.

Áskoranir skólakerfisins er margar og til að takast á við þann vanda sem blasir við þarf að blása til sóknar og virkja foreldra í samstarfi og viðhorfum til skólanna. Ekki má gleyma því að á hverju ári bætast við þúsundir nýrra foreldra sem þarf að kynna mikilvægi foreldrasamstarfs og hvernig best er að eiga samstarf við skólann svo skólaganga nemendans verði sem farsælust. Heimili og skóli eiga í sínum fótum ýmis verkfæri og þekkingu sem þarf að koma á framfæri við foreldrahópinn. Efla þarf íslenskt menntakerfi svo það nái að þróast í takt við nýja framtíðarsýn. Virkja þarf alla aðila skólasamfélagsins til samstarfs, foreldra, nemendur og starfsmenn skólanna, þannig að til verði lærdómssamfélag. Menntun barna er líka ábyrgð foreldra og þeirra hlutverk og þátttaka í lærdómssamfélaginu þarf að vera skýr. Sá frábæri árangur sem náðst hefur með íslenska forvarnarmódelinu hefur sýnt okkur hverju má áorka með samstilltu átaki og það góða er að þeir sem af einhverjum ástæðum ná ekki að taka þátt hagnast engu að síður.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra hafa sannað mikilvægi sitt en samtökin fögnuðu 25 ára afmæli árið 2017. Við eigum í samstarfi við marga aðila í skólasamfélaginu. Reglulega er leitað til samtakanna með ýmis álitamál, jafnt einstakir aðilar og samtök sem og stjórnvöld, og síðast en ekki síst innlendir og erlendir fjölmiðlar sem hafa reglulega samband og eru duglegir að láta rödd foreldra heyrast. Við höfum fengið fjöldamargar heimsóknir erlendra aðila sem komið hafa hingað til lands til að kynna sér íslenska forvarnarmódelið og starfsemi foreldrasamtakanna á Íslandi í tengslum við það og þann góða árangur sem náðst hefur í forvarnamálum á undanförunum árum.

Á árinu 2017 fullgiltu Heimili og skóli að nýju aðild að samtökunum NOKO, Nordisk Kommitté, sem er samstarfsvettvangur foreldrasamtaka á Norðurlöndunum. Við munum haustið 2018 taka við formennsku í NOKO og stýra samtökunum til tveggja ára. Þema næstu tveggja ára verður líklega tengt íslenska forvarnarmódelinu og lýkur þeirri vegferð með ráðstefnu á Íslandi haustið 2020.

Starfsmenn samtakanna voru fjórir á árinu 2017 en vegna breytinga í starfsmannahaldi og óvissu með fjármögnun misstum við starfsmann í lok árs og hefur það skarð ekki enn verið fyllt. Til þess að samtök sem þessi geti þrífist þarf grunnurinn að vera traustur. Samtökin eru rekin af mikilli útsjónarsemi en sú óvissa sem verið hefur um fjármögnun samtakanna er



ANNA MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR
formaður Heimilis og skóla

farin að grafa undan starfseminni. Það má öllum vera ljóst að erfitt er að gera áætlanir þegar fjármögnun er ekki tryggð til lengri tíma. Við erum þó vongóð um að úr málum samtakanna rætist fljótlega þannig að hægt verði að snúa vörn í sókn, enda eru verkefni sem bíða okkar fjölmörg og spennandi.

Nú þegar ég læt af formennsku í samtökunum og lít yfir farinn veg, eftir átta ára setu í stjórn og þar af fjögur ár sem formaður, er mér efst í huga þakklæti til starfsmanna og stjórnar Heimilis og skóla. Þessi tími hefur verið mér lærdómsríkur og mörgum verkefnum hefur verið hrundið í framkvæmd. Þörf fyrir sterk samtök skólaforeldra í landinu er mikil. Ég vil sjá samstarf við stóru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um stöðugildi starfsmanns sem sér um fræðslu og að efla foreldrastarf í þessum sveitarfélögum. Eins um samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga um sambærilegt stöðugildi sem sinna mun landsbyggðinni. Til þess að virkja megi foreldra til þátttöku í skólastarfi þarf umgjörð sem þessa. Ég er í engum vafa um að ávinningur af slíku samstarfi gæti orðið mikill og lykill að uppbyggingu lærdómssamfélags. Saman lyftum við grettistaki en sitt í hvoru lagi áorkum við litlu.

Ég vil færa stjórnarmönnum þakkir fyrir framlag þeirra til samtakanna og framkvæmdastjóra og starfsmönnum þakkir fyrir einstaklega gott samstarf á undanförunum árum.

LÖG HEIMILIS OG SKÓLA – LANDSSAMTAKA FORELDRA

Nafn og aðsetur

1. gr. Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík.

Tilgangur, markmið og leiðir

2. gr. Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða
- skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað
- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu- og rannsóknarstarfsemi sem stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumálum
- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- að stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því
- að veita viðurkenningar fyrir góð störf
- að hafa samstarf við önnur samtök og félög innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi

Aðild

3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar og aðal- og varafulltrúar hvers svæðaráðs í fulltrúaráðinu sem greiða félagsgjald. Foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrir geta einnig óskað eftir aðild að samtökunum en hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

Stjórnskipulag

4. gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórnmalaflokkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur

með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
- c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
- d) Kosning í stjórn samtakanna
- e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
- f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

Stjórn

5. gr. Stjórn samtakanna skipa sjö einstaklingar þar með talinn formaður. Annað hvert ár eru á aðalfundi kosnir þrír stjórnarmenn til tveggja ára í senn og tveir hitt árið. Það ár kýs fulltrúaráð samtakanna einn stjórnarmann til tveggja ára. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs varaformann og ritara.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár. Í umboði aðalfundar er hlutverk stjórnar að sjá til þess að samtökunum sé stýrt í samræmi við þessi lög, marka stefnu samtakanna, hafa eftirlit með rekstri þeirra og annast ráðningu framkvæmdastjóra. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en sex sinnum á ári og oftast ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

6.gr. Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.

7.gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði að lágmarki tvisvar á ári. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Fulltrúaráð fjallar um eflingu foreldrastarfs, skólafestu yfirvalda og velferð skólabarna. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfseminni.

Fjármál

8.gr. Tekjur samtakanna eru:

1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.

Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.

Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.



HEIMILI
OG SKÓLI
25
1992-2017



Heimili og skóli fögnuðu 25 ára afmæli árið 2017. Af því tilefni var boðað til afmælis- og útgáfuhófs tímarits Heimilis og skóla.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð | 108 Reykjavík
S. 516 0100 | www.heimilioskoli.is